Helga Stefánsdóttir
Aðstoðarsviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar
helgas@hafnarfjordur.is

Bláfjallavegur frá Krísuvíkurvegi að Bláfjöllum.

Vísað er til fyrri samskipta þ.m.t. fundar dags. 24. 3. 2022.

Hafnarfjarðarbær hefur óskað eftir kostnaðarmati við að opna Bláfjallaveg að nýju á milli Krísuvíkurvegar og Bláfjalla. Að hluta má ætla að um nýjan veg yrði að ræða ef uppfylla á kröfur veghönnunar-reglna og kröfur um frágang innan vatnsverndarsvæða. Heildarlengd vegslóðans nú er um 17,7 km.

Bláfjallavegur(417) að Hringvegi (Suðurlandsvegi) er af vegtegund C8. Kostnaður við lagfæringar á þeirri leið sem voru unnar sem mótvægisaðgerð vegna mats á umhverfisáhrifum Bláfjallasvæðisins nam um 70 m kr. Þá var þegar búið að lagfæra hættulegustu staði á veginum og leggja á hann bundið slitlag, lagfæringarnar fólust í að lagfæra hliðarsvæði vegar.

Kostnaður við lagningu nýrra, 8m breiðra vega með bundnu slitlagi utan vatnsverndarsvæða er áætlaður um 120 m kr./km. Miðað við eftirfarandi forsendur má gera ráð fyrir að kostnaður við endurgerð vegar á milli Krísuvíkurvegar og Bláfjalla verði um 1.500 – 2.000 m kr.

Forsendur:

- Sérstaklega skal taka mið af umferðaröryggi og hættu á umhverfismengun við umferðaróhöpp vegna staðsetningar á vatnsverndarsvæðum eða nálægðar við þau.
- Vegurinn verður af vegtegund C8 með bundnu slitlagi.
- Núverandi vegur verður nýttur eins og kostur er.
- Langhalli verður að hámarki 6-7% og ný veglína lögð til að ná því markmiði þar sem á þarf að halda.
- Efni í hliðarsvæði verður samkvæmt ábendingum viðkomandi heilbrigðiseftirlita og vatnsveitna.
- Ekki verður þörf á að kaupa land undir veg.

Umrædd leið liggur að hluta til í landi Kópavogs og beiðni um að loka veginum sem mótvægisaðgerð vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda í Bláfjöllum kom frá SSH. Ekki liggur fyrir hvort það sé

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

sameiginlegur vilji sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vegurinn verði opnaður á ný eða í hvaða mynd. Frekari skref í þessu máli verða því ekki tekin nema með aðkomu þessara aðila.

Vegagerðin óskar eftir að Hafnarfjarðarbær hafi frumkvæði að fundi með fulltrúum Kópavogs, SSH og Vegagerðinni vegna þessa máls.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar

Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Vegagerðin

Fullgild rafræn undirskrift
ERNA BÁRA HREINSDÓTTIR
Kennitala: 041066-5639
2022-03-30 15:40:14 GMT
Ástæða: Undirskrift